

NÁMSKRÁR METNAR TIL EININGA Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

Menntamálaráðuneytið hefur staðfest mat á 5 námsleiðum Mímis-símenntunar til eininga í framhaldsskólanámi. Innan tíðar verða fleiri námsskrár yfirfarnar. Samstarfsaðilar geta falið Fræðslumiðstöð atvinnulífsins að yfirfara námsleiðir og námsskrár með það fyrir augum að þær verði metnar til eininga í framhaldsskólanámi.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur, í samræmi við þjónustusamning við menntamálaráðuneytið, yfirfarið námsskrár í óformlegu námi og gert tillögur um mat til eininga á framhaldsskólastigi í samvinnu við matsnefnd á vegum menntamálaráðuneytisins. Nú hafa verið yfirfarnar 5 námsskrár fyrir Mími-símenntun, sem er samstarfsaðili Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Innan tíðar verða fleiri námsskrár yfirfarnar og einnig eru ný náms-tilboð í vinnslu.


Menntamálaráðuneytið hefur staðfest að eftirtalin náms-tilboð fyrir ófaglært starfsfólk á vinnumarkaði megi meta til eininga á framhaldsskólastigi, sem hér segir:

MFA-skólinn 350 kennslustundir 27 einingar
Af þessum námsleiðum er MFA-skólinn elstur, hann hófst árið 1993 og hefur verið haldinn 17 sinnum. Hann er ætlaður atvinnulausu fólki og hefur verið haldinn í Reykjavík, Akureyri, Sauðárkróki og Keflavík.

Grunnmenntaskóli 300 kennslustundir 24 einingar
Grunnmenntaskólinn var haldinn í fyrsta skipti árið 2001 og er ætlaður fólki á vinnumarkaði sem vill efla sig í almennum greinum.

Landnemaskóli 120 kennslustundir 10 einingar
Landnemaskólinn er fyrir nýja Íslendinga, sem starfa á íslenskum vinnumarkaði og vilja þjálfa íslensku og kynna sér íslenskt samfélag. Þrír hópar hafa lokið námi í Landnemaskólanum

Jarðlagnaætkni 300 kennslustundir 24 einingar
Jarðlagnaætknin er ætluð starfsmönnum orku-, fjarskipta- og verktafyrirtækja, sem starfa við jarðlaginir. Fimm hópar hafa lokið námi.



Aftur í nám 95 kennslustundir 7 einingar

Tilgangur þess er að styrkja sjálfstraust námsmanna, þjálfa þá í lestri og skrift með aðferðum Ron Davis og búa þá undir frekari þjálfun eftir að námskeiðinu lýkur. Einn hópur hefur lokið námi.

Námið má meta á móti allt að 12 einingum í vali, 12 einingum á kjörsviði og/eða til almennra greina eftir styrkleika viðkomandi einstaklings. Styrkleiki einstaklings er metinn eftir: Framlögðum gögnum um fyrra nám, starfsferilsskrá, viðtali eða stöðuprófi. Ekki er tryggt að námsmaður geti nýtt allar einingarnar til styttingar á námi í framhaldsskóla, heldur fer það eftir tegund náms og námsferli viðkomandi námsmanns hvernig þær nýtast honum, þegar inn í framhaldsskólann er komið.

Námsskrárnar eru fáanlegar á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins: frae.is